



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Leikskólinn Sólborg

Starfsáætlun 2020 – 2021



Leiðarljós Sólborgar

- **Virðing**
- **Leikni**
- **Samvinna**

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs. Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara. Markmiðin eru:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.
- Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Innra mat.....	6
2.1	Innra mat deilda.....	6
2.1.1	Innra mat Reynistofu	6
2.1.2	Innra mat Víðistofu.....	7
2.1.3	Innra mat Furustofu	8
2.1.4	Innra mat Birkistofu	10
2.1.5	Innra mat Lerkistofu	12
2.2	Innra mat fagstjórnenda.....	13
2.2.1	Innra mat sérkennslustjóra.....	13
2.2.2	Innra mat táknmálstúlks	15
3	Ytra mat.....	17
3.1	Úttekt á SMT skólafærni	17
4	Starfsþróun og fræðsla.....	20
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	22
6	Foreldrasamvinna	23
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	24



1 Greinargerð leikskólastjóra

Verkfall og heimsfaraldur

Í janúar 2020 hófst mikil áætlunargerð og stóð sú áætlunargerð fram í maí. Þessi áætlunargerð kom til vegna þess ástands sem skapaðist annars vegar vegna verkfalls starfsfólks Eflingar og hins vegar vegna heimsfaraldurs COVID-19. Áætlunargerð vegna verkfallsins fólst í því að meta þurfti hversu mörg börn gátu fengið leikskólavistun hvern dag vegna þess starfsfólks sem fór af deildum. Unnið var eftir faliðunarreglu svokallaðri sem fólst í því að átta barngildi fóru með hverjum þeim starfsmanni sem lagði niður störf. Verkfallið stóð frá 4. febrúar til 9. mars. Á öllum stofum Sólborgar voru starfsmenn í Eflingu.

Stjórnendur Sólbogar reyndu fyrstu dagana að reikna út nákvæmt og sanngjarnt hversu mörgum börnum þurfti að vísa frá hvern dag. Það leiddi til þess að óútreiknanlegt varð fyrir starfsmenn sem eftir voru, og einnig foreldra, hvenær börnin gátu komið og lítið skipulag komst á deildarstarfsemi. Þegar verkfallið hafði varað yfir í þrjá vikur var útreikningi breytt og í nánú samráði við deildarstjóra var ákveðið að skipta börnum upp í tvo til þrjá hóp sem fengu að koma annan hvern eða þriðja hvern dag, fyrir utan eina stofu þar sem þurfti að loka alveg á meðan verkfallið stóð yfir. Þetta fyrirkomulag var talsvert betra fyrir flesta og betra skipulag komst á hjá börnum, foreldrum og starfsmönnum sem ekki voru í verkfalli. Þegar því lauk 10. mars gátu loks öll börn mætt í leikskólann. En það ástand varði í fjóra daga.

Þann 13. mars setti ríkisstjórn Íslands á *samkomubann* vegna heimsfaraldurs COVID-19 og í framhaldinu komu fram tilmæli um *takmarkanir á skólahaldi*. Viðbrögð leikskóla voru að leyfa helmingi barna að mæta tvo til þrjá daga samfelld í leikskólann. Almannaþingur stóðu síðan að gerð forgangslista þeirra foreldra sem sinntu atvinnu sem talin var mikilvæg almannahagsmunum og gátu því mætt með börn sín í leikskólann þá daga sem þau þurftu og þvert á hópaskiptingu deildanna. Sú áætlunargerð gekk talsvert fljótt fyrir sig, þar sem gripið var til þeirrar hópaskiptinga sem nýttist í verkfalli Eflingar og hægt var að nýta sig við á meðan tilmælin áttu að gilda. Tilmæli um takmarkanir á skólahaldi, runnu sitt skeið á enda þann 4. maí og gátu öll börn mætt í leikskólann eftir það. Í öllum þessum áætlunargerðum var tölvupóstur var sendur út í lok hverrar viku á foreldra viðeigandi deilda þar sem hópaskiptingin var tíunduð í fjölpósti og í honum tilgreint hvaða daga hver hóp gat mætt.

Framkvæmdir

Sólborg hefur teppalagt þær deildir sem eru í aðalbyggingu skólans. Áherslan var lögð á að teppaleggja innri herbergi Furu-, Birki- og Lerkistofu ásamt því að teppaleggja alla Víðistofu, með tilliti til þess að þar eru döff börn að leik og starfi. Mikil ánægja er með teppin; þau bæta hljóðvist til muna, þau eru þægileg viðkomu og veita góða fallvörn, detti börnin í leik. Í apríllok var skipt um hljóðeinangrandi plötur í lofti þeirra deilda sem eru í aðalbyggingu leikskólans. Mikil ánægja er með hvernig til tókst. Plöturnar eru mjög þykkar og minnka allt bergmál og allan óm sem berst frá leik barnanna til muna.



Aðalmarkmið leikskóla framtíðarinnar ætti að vera að bæta hljóðvistina, sem og aðalmarkmið stjórnenda í Sólborg, þar sem leikskólinn hefur unnið í nánú samstarfi með döff börnum og fjölskyldum þeirra. Teppalagningin og plötuúsetningin vorið 2020 voru mjög stórt skref í að uppfylla þau markmið.

Fyrirhugaðar eru framkvæmdir á skólalóð Sólborgar. Það verður framkvæmt í nánú samstarfi við Landmótun. Fulltrúi þeirra mætti í desember og tók lóðina út. Þar var ákveðið að ráðast fyrst í framkvæmdir á svokölluðu kastalasvæði, sem er aðkomustaður leikskólans og myndu framkvæmdir breyta ásyndinni. Stefnt er á framkvæmdir í lok sumars 2020 og verður kastali þar færður á baklóð, gervigras lagt fyrir fallmöl og kofaþyrping lögð á gervigrasið. Einnig er á stefnuskránni að setja gervigras á baksvæði leikskólans, í stað fallmálarinnar, sem verður einnig í höndum Landmótunar. Gróðurvarnargirðing var fjarlægð víðast hvar á lóðinni en þær höfðu þjónað sínum tilgangi og mátti því fjarlægja. Sett var upp hlið og girðing við Skógarhús. Húsið náði ekki að lóðarmörkum útisvæðisins og börn gátu auðveldlega farið á bak við húsið og verið úr auglýsn kennara og foreldra. Það er nú úr sögunni.

Nýliðafræðsla

Haustið 2019 var nokkuð um nýtt starfsfólk í Sólborg. Stjórnendateymi ákvað því að halda nýliðafræðslu á skipulagsdegi ásamt því að bæta við starfsmannafundi í lok vinnudags og ljúka fræðslunni. Nýliðafræðslan var í höndum sérkennslustjóra og leikskólastjóra. Þessi fræðsla sýndi fram á hversu mikilvægt er að halda á hverju hausti kynningu fyrir nýtt starfsfólk, m.a. til þess að kynna *heildtæka skólastefnu* og að því loknu frá fram umræður um hvað nýtt starfsfólk hefði orðið áskynja um.

Á starfsmannafundi, sem haldinn var fáeinum vikum seinna, fór fram kynning á SMT leiðum skólans. Sú kynning var einnig í höndum sérkennslustjóra og var vel framkvæmd. Farið var yfir helstu leiðir skólans í innleiðingu á SMT á hverri deild og helstu markmið með SMT stefnunni.

Þegar nýliðafræðslan fór fram, fór annað starfsfólk í þá vinnu að endurhanna starfsmannahandbókina, með það að markmiði að stytta, endurorða og gera hana aðgengilega fyrir nýtt starfsfólk. Kennarahandbækur þarf stöðugt að uppfæra. Með því að hafa þær stuttar, snarpar og hnitmiðaðar, verður fljótlegra að uppfæra þær á hverju skólaári. Úr þessari vinnu urðu til tvær starfsmannahandbækur og var önnur þeirra nefnd *Nýliðahandbókin*. Síðar á skólaárinu var nýliðahandbókin þýdd yfir á ensku.

F. h. leikskólans

Guðrún Jóna Thorarensen, leikskólastjóri

Reykjavík, 18. júní 2020



2 Innra mat

2.1 Innra mat deilda

Í Sólborg eru fimm deildir eða öllu heldur stofur. Hér í þessum öðrum kafla kemur innra mat hvernar stofu, raðað í aldursröð og hefst innra matið á mati stofu elstu barna, Reynistofu. Sú síðasta er stofa yngstu barna, Lerkistofa.

2.1.1 Innra mat Reynistofu

Á þessu skólaári voru 22 börn á Reynistofu, þar af sextán börn í útskriftar-árgangi fædd 2014 og sex börn fædd 2015. Haustið byrjaði á því að deildarstjórinn þurfti frá að hverfa vegna veikinda og margt nýtt starfsfólk hóf störf með litla reynslu og sumir áttu við tungumálaerfiðleika við að etja. Barnahópurinn var krefjandi, sex börn með sérþarfir og einnig börn með hegðunarvandkvæði. Reyndur leikskólakennari tók við deildarstjórastöðunni tímabundið og smám saman færðist ró yfir deildina og skipulagið fór að rúlla samkvæmt áætlun og jók það starfsánægju hópsins. Nýr deildarstjóri tók við um áramót og lagði áherslu á að halda uppteknu skipulagi en skerpa á verkaskiptingu starfsfólks. Verfall Eflingar og síðan Covid 19 faraldurinn höfðu það í för með sér að allt starf og skipulag riðlaðist og þurfti að forgangsraða verkefnum. Lögð var áhersla á elstu barna verkefnin og að hafa umhverfi barnanna sem eðlilegast.

- **Styrkleikar:** Á haustönn, í elstu barna verkefnum, var unnið markvisst með stafina, stærðfræði, útikennslu, Þúsaldarljóð, vettvangsferðir og ferðir í Valsheimili. Lögð var áhersla á færni eins og grip, klippifærni og teiknifærni. Vel gekk að fylgja markmiðum eftir fram að skorðunum sem okkur voru settar vegna óviðráðanlegra ástæðna.

Markmið yngri hóps var efling félagsþroska, málþroska og hreyfingar og átti að vinna með þessa þætti í hópastarfi. Þetta gekk ágætlega, unnið var að markmiðum í samverustundum í gegnum einingakubba, listaskála, útikennslu, íþróttir í sal og í frjálsum leik. Hópurinn samanstóð af sex strákum, tveir þeirra með miklar sérþarfir og í raun voru leikfélagarnir því fjórir. Í frjálsum leik var lögð áhersla á að eldri og yngri börn sameinuðust í leik og léku saman þvert á hópa. Það hefur gengið mjög vel og hafa skapast vináttubönd á milli eldri og yngri.

- **Styrkleikar:** Ágætlega gekk að fylgja skipulagi eftir, yngra barna starfið gekk vel og þeim markmiðum sem stefnt var að náð.



Á Reynistofu var leikið frjálst fyrir hádegi og eftir hádegi áttu börnin að velja sér viðfangsefni á valtoflunni. Það gekk ágætlega en það bar samt á því að börnin voru mikið að skipta um viðfangsefni og hlaupa á milli stofa sem skapaði óróa. Það vantaði meiri stöðugleika í valið og eirðarleysi og spennu var í barnahópnum. Ákveðið var að breyta valinu eftir áramót þannig að þau völdu aðra hvora stofuna og máttu þá skipta um viðfangsefni innar hennar en ekki fara á milli. Með þessu minnkaði rápið og meiri ró skapaðist í leiknum og úthald jókst í kjölfarið. Við teljum að þetta fyrirkomulag sé til hins betra og í raun að betra sé að hafa minna en meira ef leikefni í boði því þá ná börnin betri einbeitingu og úthald eykst í leiknum auk þess sem að eftir því sem börnin þroskast og eldast þeim mun meiri kröfur er hægt að gera hvað þetta varðar.

- **Styrkleikar:** Svæðaskipting gekk betur eftir góða umræðu starfsfólks í milli og meiri kröfur gerðar til barnanna að halda út í þeim leik sem þau höfðu valið sér.

2.1.2 Innra mat Víðistofu

Skólaárið 2019-2020 voru sex börn fædd 2015 og átta börn fædd 2016. Við erum með sameiginleg markmið fyrir allan barnahópinn sem snýr að læsi og málskilningi, bæði á íslensku og íslensku táknmáli þar sem hvoru tveggja er móðurmál þeirra.

Endurmat 2020

Það hefur gengið vel að gera táknmál og íslensku sýnilegt, hengdar voru upp myndir, orð og tákn yfir daglega hluti og athafnir á vegg. Við gerum það líka með þematengdum verkefnum hverju sinni, börnin geta skoðað myndir, stafi og tákn í þeirra hæð.

Við unnum með „Ótrúleg er ævintýrin“ sögur og vísur til málörvunar. Þar völdum við söguna um Búkollu. Sagan var lesin nokkrum sinnum. Við förum yfir orðin og táknin í sögunni, og veltum vöngum yfir þýðingu orðanna. Orð og setningar sem oft koma fyrir í sögunni voru sýnilegar börnunum á þar til gerðum spjöldum sem tilheyra þessu kennsluefni. Börnin gátu æft sig að skrifa orðin sem voru þeim sýnileg. Sögustundir eru fyrir hádegismat og í hvíld fyrir þá sem ekki sofa. Þar lesum við sögu og veltum vöngum yfir atburðarás sögunnar og skemmtilegar umræður skapast oft í þessum stundum. Við höfum líka verið að leika með ýmis orð sem koma fyrir þegar við lesum sögur, útskýra orð og finna orð sem hafa sömu merkingu. Einstaka barn hefur leikið með rím og er farið að ríma en önnur hafa gaman af að herma eftir.

Skólaárið 2020-2021 verða á Víðistofu fjórtán börn; átta börn fædd 2016 og sex börn fædd 2018. Við verðum með sameiginleg markmið fyrir allan barnahópinn sem snýr að læsi og málskilningi, bæði á íslensku og íslensku táknmáli þar sem hluti af hópnum hefur bæði þessi mál að móðurmáli.



Ársmarkmið Víðistofu 2020-2021

1. Efla læsi barna á íslensku og íslensku táknmáli.

Áfram verður haldið setja myndir með tákni, bókstöfum og fingrastafrófi á veggina og gera sýnilegt fyrir börnin. Deildarstjóri og starfsmenn á stofunni bera ábyrgð og endurmat fer fram sem rýni/rökræður á deildarfundum ásamt skriflegu endurmati tvisvar sinnum á ári.

2. Efla málskilning og læsi.

Framkvæmt með lestri bóka, sögur endursagðar og leikið með rím og orð. Deildarstjóri og starfsmenn á stofunni bera ábyrgð og endurmat fer fram sem rýni/rökræður á deildarfundum ásamt skriflegu endurmati tvisvar sinnum á ári.

Matsþáttur	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið
Gera táknmál og íslenskt mál sýnilegt	Myndir á veggi með tákni bókstöfum táknstöfum	Deildarstjóri og starfsfólk stofunnar	Ágúst'20	Maí'21	Rýni/rökræður á deildarfundum	Skriflegt endurmat 2x á ári
Efla málskilning og læsi	Lesi bækur Endursegja sögur Leika með orð og rím	Deildarstjóri og starfsfólk stofunnar	Ágúst'20	Maí'21	Rýni/rökræður á deildarfundum	Skriflegt endurmat 2x á ári

2.1.3 Innra mat Furustofu

Haustið 2019 voru fimmtán börn á Furustofu. Flest komu þau af öðrum deildum leikskólans, aðallega Birkistofu. Þau tilheyrðu tveimur árgöngum; ellefu börn eru fædd árið 2016 og fjögur eru fædd árið 2017. Aðeins eitt barnanna hafði verið á Furustofu veturinn áður, þannig að fjórtán börn voru að aðlagast nýjum hópi og nýju starfsfólki. Starfsmannahald stofunnar gekk nokkuð vel. Tvær héldu áfram frá fyrra skólaári. Leikskólakennari bættist í hópinn af annarri deild innanhúss og ráðinn var inn nýr starfsmaður. Yfir haustið taldi starfsfólkið alls fjórar manneskjur, þar af tveir leikskólakennarar.

Endurmat 2020

Fyrir áramót gekk skipulagt starf vel. Við höldum áætlun í listaskála. Íþróttir fengum við færðar yfir á þriðjudaga og það varð til þess að við náðum miklu betur að halda okkur við skipulagið en veturinn

áður. Sögu-og söngstundir gengu vel. Hópnum var tvískipt í sögustundum, en hópurnir var allur saman í söngstundum. Unnið var með læsisstefnu, lesið á hverjum degi fyrir báða aldurshópa, umræður um lesefnið, börnin fengu að fara yfir lesefnið fyrir þá sem vildu hlusta og fl. Eftir áramót var ákveðið að allur skólinn tæki þátt í þemaverkefni um Búkollu. Vinnan fór vel af stað og náðum við að gera ýmislegt. Eftir að verkfall skall á misstum við aðeins dampinn og fjaraði það út í lokin. Allir reyndu þó sitt besta.

- **Styrkleikar:** Skipulagið virkar vel hjá á Furustofu.
- **Tækifæri til umbóta:** Kynna okkur fleiri leiðir fyrir lítil börn varðandi læsisstefnu.

Í vetur vorum við með starfsmann sem kann táknmál. Það hjálpaði mikið við að viðhalda og bæta við kunnáttuna og við höfum mikið notað söngstundir til þess. Einnig voru settir upp táknmálstímar fyrir börnin. Þar sem ekkert táknmálstalandi barn var á deildinni gat þó reynt á þetta markmið, þar sem börnin náðu ekki flugi, lestur með talmáli og táknum gekk ekki nógu vel. Það virðist trufla börnin að talmál er notað með táknum. Hins vegar gekk okkur betur að viðhalda og innleiða ný tákni í söngstund og þegar verið er að bjóða börnunum fram í borðsal. Matseðillinn er kynntur á táknmáli.

- **Styrkleikar:** Vel gekk að viðhalda táknmáli í söngstund og við borðhald.
- **Tækifæri til umbóta:** Athuga með meira samstarf milli deilda/starfsfólks til að virkja betur táknmálsnotkunina.

Í fyrra kom upp umræða um að aldursskipta sameiginlegri söngstund í sal. Við gerðum það í vetur og finnst það hafa komið mjög vel út. Tónlistarkennari tekur saman lög fyrir mánuðinn, einnig hafa deildirnar komið að lagavali. Ánægja er með breytingarnar.

Ársmarkmið á Furustofu 2020-2021

1. Unnið sé eftir námskrá Sólborgar þar sem við leggjum m.a. áherslu á félags- mál- og hreyfiproska.
2. Leggja áherslu á læsisstefnu og táknmál.
3. Við höfum SMT –reglurnar sýnilegar á deildinni og komum til með að nota fáar einfaldar reglur.

Í vetur verða á Furustofu börn sem fædd eru á árinu 2017. Markmið er að börnunum líði vel og þau finni sig örugg, aðbúnaður og umhverfi sé hvetjandi og hæfi aldri þeirra. Þar sem stefnir í að við á Furustofu verðum með mörg ný börn á deildinni fer haustið að mestu leyti í að aðlaga börnin, vinna með hópinn og gera þau örugg í nýjum aðstæðum. Endurmat fer fram í janúar og maí 2021 sem rökræðumat á deildarfundum.

Leiðir:

- Við skiptum hópnum upp í smærri einingar, þannig að ró og friður sé til leiks og starfa.



- Við leggjum áherslu á að kennarar séu nálægir í leik, þannig að þau finni fyrir nánd okkar.
- Starfsfólk verði duglegt að skipta út viðfangsefnum sem hæfir aldri hópsins.
- Við leggjum áherslu á vináttuna og samskiptin í hópnum, lærum að skiptast á og vinna saman.
- Daglega syngjum við saman, lesum sögur og spjöllum um það sem er í gangi hverju sinni. Hvert tækifæri sé notað til að auka orðaforðann.
- Vikulega fara hópar í listaskála, íþróttir í sal, könnunarleik, auk þess sem útiveran verður stór þáttur, en þar reynir á ýmsa þætti hreyfingar.
- Kynna okkur og tileinka fjölbreyttari aðferðir til að nota í sögustundum. Nýta söngstundir til hvers kyns málörvunar. Hvert barn fær sitt nafnatákn sem það lærir.
- Þar sem börnin eru svo ung förum við ekki markvisst í SMT-reglurnar, en við komum til með að nota reglur eins og „hafa hendur og fætur hjá sér“ og „ganga í röð“.

Matsþáttur	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið
Útikennsla	Þegar veðráttan býður upp á, stefnum við að útikennslu	Fylgjast með samsetningu hópsins	Kennarar Furustofu	Haut '20	Vor '21	Umræður á deildinni í janúar og lok vetrar	Að við náum að fara oftar
Táknmál	Að viðhalda kunnáttunni í táknmáli á deildinni	Auka samstarf deilda	Kennarar Furustofu	Haut '20	Vor '21	Umræður í janúar og lok vetrar	Að börnin læri nafnatáknin sín og nokkur tákn

2.1.4 Innra mat Birkistofu

Í vetur hafa verið ellefu börn á Birkistofu, öll fædd seinni hluta árs 2017. Tvö börn byrjuðu hjá okkur vorið 2019, eitt barn fluttist til okkar frá Lerkistofu og svo komu átta ný börn beint inná Birkistofu. Í febrúar kom síðan eitt barn fætt snemma árs 2018 frá Lerkistofu. Við leggjum áherslu á þátttökuaðlögun, því í þátttökuaðlögun myndast góð tengsl milli foreldra og kennara sem börnin sjá, og það hjálpar þeim að treysta okkur. Stöðugildi á stofunni voru u.þ.b. 2,5 og voru þrír starfsmenn sem sinntu þeim. Við teljum að þetta sé algjör lágmarksfjöldi starfsmanna

Endurmat 2020

Að fara oftast í útikennslu: Það gekk engan veginn, við teljum ekki mögulegt fyrir svo fáa starfsmenn að halda uppi útikennslu. Niðurstaðan er því sú að það sé gott að stefna að útikennslu, en að ekki sé hægt að ákveða neitt um slíkt fyrr en að hausti þegar ljóst er hver samsetning barnahópsins verður og hversu margir starfsmenn verða.

Að börnin læri nafnatákn allra á stofunni: Þetta markmiðið náðist. Innlögð nafnatákna gekk mjög vel. Eftir ármót byrjaðu síðan táknmálsstundir hjá okkur í umsjón sérkennslustjóra og vonum við að framhald verði á því, þar sem við sáum strax aukinn áhuga á táknmáli hjá nokkrum börnum. Mikilvægt er að halda þessar stundir reglulega því, eins og atburðir vorsins 2020 sýndu, þá geta aðstæður leitt til þess að stundirnar komist ekki fyrir í dagskipulaginu.

Ársmarkmið Birkistofu 2020 - 2021

1. Að börnunum líði vel og þau finni sig örugg, aðbúnaður og umhverfi sé hvetjandi og hæfi aldri
2. Að börnin læri að leika með opinn efnivið saman í hóp sem og einstaklingslega, inni og úti
3. Unnið sé eftir námskrá Sólborgar, þar lögð er áhersla á félags-, mál- og hreyfiþroska.

Leiðir

Börnin leika í fámennum hópum þar sem kennarar eru alltaf til staðar með þeim á gólfinu til að skapa nánd og traust milli kennara og barna og innan barnahópsins. Við leggjum áherslu á vináttuna og samskiptin í hópnum, lærum að skiptast á og vinna saman.

Börnin læra almennar umgengis- og samskiptareglur sem gilda í samfélagi manna t.d. að virða rétt annarra, standa á sínu, komast að samkomulagi, sýna biðlund, hemja skap sitt, hlusta, tjá sig, biðja um aðstoð og ganga vel um umhverfið inni sem úti.

Börnin syngja daglega saman, lesum sögur og spjöllum um það sem er í gangi hverju sinni. Hvert tækifæri er notað til að auka orðaforðann, t.d. í fataklefa og við matarborðið. Vikulega fara hópar í íþróttir í salinn, en auk þess reynir útiveran á ýmsa þætti hreyfingar.

Matspáttur	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið
Útikennsla	Að komast í útikennslu	Haustrmat á samsetningu barna- og kennarahóps	Deildarstjóri	Haustr	Vor	Skráningar yfir tíðni ferða	Einu sinni í viku, á vorönn



2.1.5 Innra mat Lerkistofu

Haustið 2019 voru á Lerkistofu átta börn fædd árið 2018 og eitt barn árið 2017. Þrjú börn byrjuðu hjá okkur vorið 2019 og síðan mættu sex ný börn. Í janúar kom síðan eitt barn fætt seint árs 2018 og kom það í stað barns sem fluttist inn á Birkistofu. Í mars kom síðan barn fætt í janúar árið 2019. Á stofunni voru þrjú börn með sérþarfir. Þær sérþarfir lýstu sér í því að þau þurftu á táknaðskennslu að halda.

Á Lerkistofu voru í upphafi hausts tveir leikskólakennarar. Þeim fækkaði niður í einn, þegar að deildarstjóri Lerkistofu til marga ára, fór yfir á Reynistofu. Eini leikskólakennarinn sem varð eftir, tók við deildarstjórástöðunni. Einn döff starfsmaður starfar á deildinni, einn tónlistarkennari og einn leiðbeinandi eru í starfshópi Lerkistofu. Í janúar kom síðan nýr starfsmaður og var í 40% vinnu og vann á móti öðrum starfsmanni sem var í 50%. Starfsgildi Lerkistofu voru því að meðaltali 3,7.

Endurmat 2020

Áhersla var lögð á aðlögun barnahópsins, þannig að hópurinn verði öruggur í nýjum aðstæðum, t.d. með því að leika í litlum hópum á afmörkuðu svæði, til þess að skapa öryggi og nánd. Einnig var lögð áhersla á opinn og skapandi efnivið sem börnunum er gefinn tími til að kynnast og læra að leika með. Við leggjum áherslu á vináttuna og samskiptin í hópnum, lærum að leika saman. Þá er mikilvægt að leggja upp með að ró sé haldinn og friður ríki, þannig að hægt sé að leika og starfa.

Daglega syngjum við saman, lesum sögur og spjöllum. Hvert tækifæri er notað til að auka orðaforðann, t.d. í fataklefa og við matarborðið. Vikulega fara hópar í íþróttir í salinn, en auk þess reynir útveran á ýmsa þætti hreyfingar. Einnig þurfa börn að aðlagast verkefnum á öðrum svæðum hússins, t.d. í listaskála, íþróttasal og tónlistartímum.

Ársmarkmið Lerkistofu 2020-2021:

1. Að börnunum líði vel og þau finni sig örugg, aðbúnaður og umhverfi sé hvetjandi og hæfi aldri.
2. Unnið sé eftir námskrá þar sem áhersla er lögð m.a. á félags- mál- og hreyfiþroska.
3. Leggja áherslu á læsisstefnu og táknað.

Leiðir:

Börnin verði örugg, glöð og taki framförum við leik og störf.

Börnin læri að umgangast hvert annað og umhverfið af virðingu. Þetta eykur félagsfærni í leik og starfi þannig að þau læri að leika sér saman og með mismunandi efnivið.

Börnin safni orðaforða, geti tjáð sig, læri söngtexta og leikræna tjáningu í sambandi við táknaði. Þetta verður framkvæmt með lestri, söng, samtölum, táknaðstundum og með því að leika saman.



2.2 Innra mat fagstjórnenda

Í Sólborg starfar stjórnendateymi sem samanstendur af fimm aðilum. Í teyminu eru leikskóla- og aðstoðarleikskólustjóri, tveir sérkennslustjórar og einn táknmálstúlkur.

2.2.1 Innra mat sérkennslustjóra

Í Sólborg eru tvö stöðugildi sérkennslustjóra. Þeir hafa yfirumsjón með námi barna með sérþarfir, gerð einstaklingsnámskráa og eftirfylgd þeirra. Þeir sinna ráðgjöf til starfsmanna og halda utan um samstarf við foreldra, utanaðkomandi sérfræðinga og sjá um skipulagningu samráðs og reglulegra teymisfunda og sitja deildarfundi eftir þörfum. Meginþættir sérkennslunnar líta að eftirfarandi þáttum:

- Kennsla heyrnarkertra og heyrnarlausra barna, sem reiða sig á táknmál til samskipta.
- Atferlisþjálfun barna með einhverfu.
- Snemmtæk íhlutun vegna barna með seinkaðan málþroska
- Markviss skipulögð þjálfun barna með önnur þroskafrávik varðandi mál- og hreyfiþroska, hegðun og aðrar skilgreindar sérþarfir.
- Sólborg hefur sinnt ráðgjöf varðandi heyrnarskert börn í almennum leikskólum á landsvísu.

Á síðasta ári voru fjórtán börn sem nutu sérkennslu í Sólborg. Börnin hafa skilgreindar fatlanir á sviði heyrnarkerðingar, einhverfu, Williams heilkennis, CP, þroskaskerðingar, ADHD og málröskunar. Úthlutaðir stuðningstímar vegna þessara barna voru 80 tímar. Í 1. flokki voru tólf börn og í 2. flokki voru tvö börn.

Sérkennslunni sinna ellefu starfsmenn. Þeir bera ábyrgð á að markmiðum einstaklingsnámskrár sé fylgt eftir. Þeir sjá til þess að unnið sé að markmiðunum í samvinnu við annað starfsfólk, líkt og stefna skólans segir til um. Barn sem nýtur stuðnings, er fyrst og fremst barn í leikskólanum. Stuðningur þess er ætlaður að styðja við barnahópinn, þannig að öll börn geti átt hlutdeild í leikskólastarfinu. Það hefur verið, og verður áfram, aðalmarkmið þeirra starfsmanna sem sinna sérkennslu í Sólborg.

- **Tækifæri til umbóta:** Að starfsfólk sem sinnir sérkennslu deili reynslu, hugmyndum og verkefnum sín á milli og fái að vera í sérkennslu með hvort öðru inni á deild eða vinnustundum. Sérkennslustjórar stefna að því tengja meira starfsfólk saman og hvetja það til að fylgjast með sérkennslu hvert hjá öðru.

Sólborg hefur átt í samstarfsverkefni við Hlíðaskóla og SHH. Sérkennslustjóri í Sólborg og deildastjóri Víðistofu hittu samstarfshópinn á SHH. Sökum aðstæðna á þjóðfélaginu þetta skólaárið, náðust eingöngu tveir fundir en aðilar vilja halda samstarfinu áfram og næsti fundur verður í haust. Ákveðið var að halda áfram kennslu og samvinnu að málörvun á íslensku táknmáli (ÍTM).

Sólborg hefur átt samstarf við sérfræðinga og fengið ráðgjöf frá eftirfarandi aðilum:

- Sjúkra- og iðjuþjálfari. Þjálfun sinnt í Sólborg.
- Talmeinafræðinga
- Greiningar- og ráðgjafarstöð Ríkisins
- Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra (SHH). Táknmálsörvun þrisvar í viku.
- Heyrnar og talmeinastöð
- Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Styrkleikar: Það tókst vel að aðlaga vinnu þeirra sérfræðinga sem Sólborg átti í samstarfi við, þrátt fyrir fjölda þeirra. Þekking þeirra hefur skilað sér vel bæði til starfsfólks og barnanna. Allir aðilar hafa tileinkað sér útsjónarsemi og sveigjanleika, nýjar aðferðir og hafa fylgt málum vel eftir í daglegu starfi.

Börn með annað móðurmál en íslensku og íslenskt táknmál

Í Sólborg eru börn af erlendum uppruna eins og í flestum leikskólum borgarinnar. Níu mismunandi tungumál eru móðurmál þessara barna. Í þeim hópi eru börn með erlent táknmál sem móðurmál. Tengiliður innan leikskólans vegna fjölmennningar er annar sérkennslustjóranna, sem hefur sótt fræðslu og námskeið á vegum verkefnastjóra fjölmennningar hjá Skóla- og frístundasviði. Annað starfsfólk leikskólans hefur einnig fengið tækifæri til að sækja þessa fræðslu. Tengiliðurinn hefur miðlað upplýsingum og fræðslu til starfsfólks leikskólans á deildafundum, skipulagsdögum og í gegnum tölvupóst.

Í læsisstefnu Sólborgar er það markmið sett fram að taka vel á móti börnum með annað móðurmál en íslensku og íslenskt táknmál. Einnig er brýnt að kynna starfsemi leikskólans fyrir foreldrum þeirra barna, til að skapa öryggi og traust, þannig að þeim líði vel að koma með barnið í leikskólann. Fjármagn sem leikskólinn hefur fengið vegna fjölmennningar hefur verið nýtt til kaupa á málörvunarefni t.d. bækur, spil og smáforrit.

Matsþáttur	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið
Samskiptabók (bókin mín)	Að öll börn með annað móðurmál en íslensku fái samskiptabók	Notast er við form bókar frá allirmed.is.	Starfsfólk deildar barnsins	Haust 2020	Vor 2021	Safna gögnum.	Bókin er virk fyrstu vikur barnsins í leikskólanum
Orð úr móðurmáli barnsins gerð sýnileg.	Að barn sjái orð úr móðurmáli sínu.	Orð hengd upp á móðurmáli barnsins.	Sérkennslustjóri & starfsfólk deildar	Haust 2020	Vor 2021	Safna gögnum.	Gera börn meðvitaðri um fjöltyngi.



2.2.2 Innra mat táknmálstúlks

Í Sólborg er eitt stöðugildi táknmálstúlks. Helstu verkefni túlks eru að túlka:

- Foreldraviðtöl
- Námskrárviðtöl
- Starfsmannaviðtöl og deildafundi
- Fréttir á heimasíðu
- Fyrir börn í daglegu starfi, s.s. samverustundir og söngstund í sal og aðrar upptökur í sal
- Aðra tilfallandi fundi og samtöl milli döff foreldra og starfsfólks

Veturinn 2019-20 notuðu sjö döff börn táknmálstúlk í daglegu starfi og þrír starfsmenn á tveimur deildum nýttu sér aðstoð táknmálstúlks á deildafundum, starfsviðtölum og öðrum tilfallandi samtölum við yfirmenn, starfsfólk og foreldra. Döff foreldrar, alls sex manns, notuðu túlk í foreldraviðtölum, námskrárviðtölum og öðrum tilfallandi samtölum við leikskólastjóra, deildarstjóra og aðra starfsmenn.

Endurmat 2020

Túlkur fékk handleiðslu hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) einu sinni yfir veturinn og mun halda því áfram.

Túlkur var í starfshóp með öðrum túlkum frá SHH og Hlíðaskóla sem fundaði einu sinni yfir árið. Fundurinn var jákvæður og nauðsynlegur en ekki voru fleiri fundir vegna óvenjulegra aðstæðna á vorönn. Fyrirhugað samstarf við Hlíðaskóla, þar sem fylgst yrði með túlkum að störfum, varð að engu vegna aðstæðna á vorönn. Þetta markmið fer því í umbótaáætlun næsta árs.

Matspáttur	Tækifæri	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið
Efla samstarf við aðrar stofnanir	Efla samstarf við túlka sem koma að túlkun fyrir börn.	Vinnuhópur túlka frá Sólborg, Hlíðaskóla og SHH.	Túlkur	Haut 2020	Vor 2021	Endurmat vor '21.	Að samstarfið sé hluti af markvissu verkefni.
Samstarf við Hlíðaskóla	Túlkur fái tækifæri að fylgjast með öðrum túlkum	Óska eftir að fara í heimsóknir í Hlíðaskóla	Túlkur	Haut 2020	Vor 2021	Endurmat vor '21.	Túlkur fær betri hugmyndir um sitt starf

Táknmálsnámskeið:

Sólborg bauð upp á, í samstarfi við SHH, upp á tvö táknmálsnámskeið. Það fyrra, var haldið á haustönn og var framhaldsnámskeið. Það sóttu sjö starfsmenn. Það var haldið í níu skipti og var einu sinni í viku. Mikil ánægja ríkti með námskeiðið, þar sem reyndara starfsfólk gat rifjað upp gleymd tákn og yngra starfsfólk gat byggt ofan á þann grunn sem það hafði myndað vorið áður.

Það seinna, var haldið að vori, og var grunnnámskeið fyrir nýtt starfsfólk. Það sátu átta starfsmenn. Námskeiðið varð nokkuð slitrótt. Í febrúar skall á verkfall og hluti þess fólk sem sótti námskeiðið gat ekki sótt námskeiðið, þar sem það fór fram á vinnutíma. Þegar verkfalli lauk, var níu skiptum af tíu lokið. En þá skall á samkomubann og ekki var hægt að senda til okkar táknmálskennara. Sólborg ætlar í samvinnu við SHH að meta hvernig sé hægt að bregðast við þeim aðstæðum að hvorki kennari né nemendur geti sótt/haldið námskeiðið.



3 Ytra mat

Þetta skólaár var framkvæmd árleg úttekt á SMT starfsaðferðum leikskólans og fór úttektin fram í nóvember 2019. Að þessu sinni mætti starfsmaður frá PMTO miðstöðinni og lagði fyrir okkur SET listann, en það er matstæki til að meta árangur og uppbyggingu SMT – skólafærni skóla. Listinn er lagður fyrir með viðtölum við börn, starfsfólk og stjórnendur leikskólans, með áhorfi í skólanum sjálfum og með því að skoða handbækur og önnur SMT gögn. Niðurstöður listans er ætlað að nota til að þróa, endurskoða og bæta SMT – skólafærni viðkomandi skóla.

3.1 Úttekt á SMT skólafærni

Heimsóknin fór fram þann 13. nóvember 2019 og voru tvær deildir eldri barna heimsóttar. Þar var jafnt rætt við starfsmenn, börn, stjórnanda og SMT teymisstjóra. Einnig voru SMT gögn leikskólans skoðuð.

Skólar sem fá 80 % eða meira í heildarmeðaltal og 80% í B flokki eru að innleiða og vinna eftir SMT á fullnægjandi hátt. Í listanum eru átta flokkar (A – H) sem kannaðir eru og gefið er heildarmeðaltal þessara átta flokka. Hér fyrir neðan er farið yfir niðurstöður listans:

Flokkur A - Reglur skilgreindar – $8/8 = 100\%$.

Jákvæðar skólareglur eru til staðar, þær eru sýnilegar, í hæð barna og reglur á deildum eru hluti af reglutöflu skólans.

Flokkur B - Reglur kenndar – $4/6 = 67\%$

Til staðar er reglutafla þar sem kemur fram yfirlit um reglur og hvenær á að kenna reglur. Í leikskólanum eru sautján reglur. Þar af tvær yfirreglur sem gilda á öllum svæðum. Sumir starfsmenn nefndu einkunnarorð skólans og nokkrar reglur og eru því að tilgreina færri en helming reglna. Deildarstjórar og starfsmenn nefndu reglurnar.

Tekin voru samtöl við nokkur börn (stundum tvö til þrjú í hóp) og nokkur einslega þar sem þau voru spurð út í reglur. Börnin töldu bæði upp yfirreglur og undirreglur en ekki leiðarljós, gildi eða einkunnarorð skólans. Flest barnanna sögðu reglurnar orðrétt og þá mest *hafa hendur og fætur hjá sér, fara eftir fyrirmælum, þakka fyrir sig og sitja kyrr við matborðið*. En einnig nefndu þau reglur sem eru ekki í reglutöflunni, eins og segja *fyrirgefðu, fara út og vera dugleg*. Ekki næst að meirihluti barna nefni meir en helming reglna, níu reglur, og er það óraunhæft.

Flokkur C - Viðbrögð við æskilegri og óæskilegri hegðun – $9/14 = 73,6\%$

Í flokki C er áhorf í tíu mínútur á deildinni og ekki alltaf hægt að sjá alla þætti á þeim tíma. Í áhorfi á deildum sást að flestir starfsmenn töluðu jákvætt til barnanna en innan þessa tímaramma sem áhorfið

varði yfir, var ekki mikið um markvisst munnlegt hrós til barnanna og ekkert barn fékk bros, þrátt fyrir að sannarlega hafi verið tilefni til þess að gefa bros. Börnin voru að standa sig mjög vel.

Ákveðið var að spyrja starfsmenn hvort verkfærin séu notuð í daglegu starfi og ef starfsmenn játa því er mögulegt að gefa eitt stig, í stað tveggja. Flestir starfsmenn nota kerfisbundnar aðferðir til að umbuna fyrir æskilega hegðun. Börnin fá markvisst bros þegar þau fylgja reglum og safna þegar verið er að leggja inn reglur en ekki daglega. Þegar takmarki er náð er umbun veitt. Einnig er notuð félagsleg hvatning. Að auki kom fram að einhver börn eru með persónuleg umbunakerfi, ef þörf þykir.

Ákveðið ferli er til staðar sem starfsmenn fylgja varðandi viðbrögð við óæskilegri hegðun. Þá eru skýr fyrirmæli gefin, val milli tveggja kosta og sú aðferð notuð að taka börn úr aðstæðum af starfsmönnum sem það kunna. Það er skráð á reglulegum tímabilum en ekki daglega og teymið skráir í töflureikni. Niðurstöður eru nýttar eftir þörfum.

Flokkur D - Skipulagt og fyrirsjáanlegt umhverfi – $6/10 = 60\%$

Ekki sást myndrænt skipulag á þeim tveimur deildum sem skoðaðar voru en eitt barn var með eigið dagskipulag. Allir starfsmenn gátu sagt hvað tekur við eftir að samverustund lýkur og börnin gátu einnig nefnt hvað tæki við eftir samverustund. Það sást ekki skiptitími. Á einni deild sagðist starfsmaður nota athyglimerki yfir það að kveikja og slökkva ljós en það er einungis yfir vetrartímann. Ekki væri hægt að nota hljóðmerki þar sem mikið af börnum er með heyrnarskerðingar. Ekki sáust athugasemdir vegna breytingar á viðfangefnum.

Flokkur E - Eftirlit og ákvarðanatöku – $4/8 = 50\%$

Til staðar er eyðublað til að skrá óæskilega hegðun en það er ekki gert daglega. Gögnum er safnað saman og sett inn í töflureikni. Niðurstöður ræddar á fundum og ákvarðanir teknar út frá því, en ekki reglulega.

Flokkur F - Þátttaka fjölskyldu – $8/10 = 80\%$

Foreldrar hafa möguleika á að koma og taka þátt í starfi leikskólans og hafa starfsmenn reglulega samskipti við þá, með tölvupóstum, viðtölum, daglegum samskiptum og fleira. Foreldrar eru einnig upplýstir um reglur a.m.k. einu sinni á ári og fá skriflegar upplýsingar um framkvæmd SMT skólafærni. Fulltrúar foreldra fengu ekki tækifæri til að taka þátt í endurskoðun reglna á árinu.

Flokkur G - Stjórnun – $9/12 = 75\%$

Í skólanum er til staðar teymi sem heldur utan um og styður við SMT skólafærni og var þetta staðfest af starfsmönnum. Teymið samanstendur af deildarstjórum og öðrum stjórnendum og nær að vera þverskurður allra starfsmanna leikskólans. Teymið fundar reglulega og upplýsir starfsmenn um

framvindu og markmið SMT með fundargerðum. Til staðar er aðgerðaráætlun með ákveðnum markmiðum tengdum SMT skólafærni.

Flokkur H - Stuðningur við verkefni – $8/8 = 100\%$

Samkvæmt viðtali við stjórnanda þá er gert ráð fyrir ákveðnu fjármagni til að þróa og viðhalda SMT. Starfsmenn hafa tíma og fá úrræði til að vinna að markmiðum verkefnisins. Starfsmönnum hefur gefist kostur á fræðslu á árinu og meirihluti þeirra sem rætt var við telur sig hafa nægan tíma og úrræði til að vinna að markmiðum SMT skólafærni.

Niðurstaða - Heildarmeðaltal er 75,5% og vinna með SMT gengur greinilega vel.

Eftirfarandi punktar eru þættir, sem eru tilteknir í umsögn úttektarinnar og verða settir inn í umbótaáætlun næsta skólaár:

- Skýr fyrirmæli tengd reglum gefin.
- Veita nákvæmt hrós fyrir jákvæða hegðun.
- Veita brosmarki í sólina þegar börnin standa sig vel.
- Skrá óæskilega hegðun og nýta skráningar markvisst.
- Senda fulltrúa á PMTO námskeið.



4 Starfsþróun og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við starfsmenn skólans, 40 talsins. Samtölin byrjuðu í lok maí, sú tímasetning varð fyrir valinu því ekki að framkvæma þau þegar verkföll og veirufaraldur hamlaði eðlilega starfsemi. Starfsmenn fengu eyðublað með átta spurningum þar sem spurt var almennt um starf þeirra, verkefni og starfsþróun. Í viðtalinu nýttum við þennan spurningaramma en samtalið er einnig sveigjanlegt og starfsmaður getur komið sínu málefni að þó svo að það sé ekki inn í spurningarammanum. Miðað var við að samtalið tæki um 50 mín og samtöl við stjórnendur 80 - 90 mín. Viðtölin gengu vel og voru starfsmenn nokkuð vel undirbúnir undir þau. Margt kom fram í viðtölunum sem leikskólastjóri gat nýtt sér í að efla deildarsamvinnu leikskólans.

Símenntun

Námskeið og fræðsla utanhúss:

- Leikskólastjóri fór í vikulangt ferðalag til Toronto í Kanada ásamt öðrum leikskólastjórum í Reykjavík. Þar kynntust þau m.a. heildtækri skólastefnu og fengu fræðslu um menntastefnu kanadísku ríkisstjórnarinnar.
- Leikskólastjóri fór í forystunám við Háskólann í Reykjavík og fékk handleiðslu.
- Leikskólastjóri ásamt starfsfólki sem sinnir kennslu döff barna, fór á degi íslenska táknmálsins, 11. febrúar, og undirrituðu *sáttmála Alheimssamtaka heyrnarlausu um rétt allra til táknmáls*.
- Aðstoðarleikskólastjóri sótti eftirfarandi námskeið:
 - *Sorg og sorgarviðbrögð barna*, haldið af endurmenntun Háskóla Íslands (H.Í.) – Okt'19
 - *Við getum öll haft áhrif*, ráðstefna á vegum Landverndar – Feb'20
 - *Þagnarskylda opinberra starfsmanna*, haldið af Stofnun stjórnsýslufræða H.Í. – Mar'20
- Sérkennslustjóri fór á fræðsludag hjá Félagi sérkennara í nóvember.
- Sérkennslustjóri og þroskajálfi fóru á starfsdaga Þroskajálfafélags Íslands.
- Sérkennslustjóri sinnti ráðgjöf í leikskóla í Reykjavík og á landsvísu.
- Sérkennslustjórar voru með fyrirlestur hjá talmeinafræðideild HÍ, um sérkennslu í námi á aðgreiningar í Sólborg.
- Sérkennslu- og deildastjóri fóru á réttindanámskeið PMTO.
- Deildarstjórar leikskólans sóttu leikskólaráðstefnu SFS í febrúar.
- Þrír deildastjórar tóku þátt í vinnu með læsi á vegum Miðja máls og læsis.
- Tveir starfsmenn fóru á námskeið í atferliþjálfun hjá GRSR; einn í haust og annar að vori
- Einn starfsmaður hefur sótt leikskólalíðanám í vetur og annar sótt stuðningsaðílanám í vetur.

- Einn þroskaþjálfanemi dvaldist í Sólborg á umbrotatímum í fimm vikur í febrúar og mars. Hún fékk bæði handleiðslu yfirþroskaþjálfra og sérkennslustjóra.

Námskeið og fræðsla innanhúss:

- Nýliðar fengu nýliðafræðslu um heildtæka skólastefnu, hlutverk leikskólakennara og á verkfærum SMT í leikskólanum.
- Sextán starfsmenn sátu táknmálsnámskeið á vegum Sólborgar. Átta sóttu byrjendanámskeið á vorönn og átta sóttu framhaldsnámskeið á haustönn.
- Starfsmenn fengu fyrirlestur frá Krabbameinsfélaginu á starfsmannafundi í október.
- Rúmlega tuttugu starfsmenn sóttu skyndihjálparnámskeið á skipulagsdegi í febrúar. Herdís Storgaard frá Slysavarnarhúsinu hélt upprifjunarnámskeið í þrjá tíma.
- Starfsfólk fékk fyrirlestur um rétta líkamsbeitingu frá Vinnuvernd.



5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við Hlíðaskóla 2019-2020

Í elstu barna hópnum í vetur voru sextán börn. Fáein börn fara úr Sólborg að þessu sinni yfir í Hlíðaskóla. Einn strákur og þrjár stúlkur. Börnum var boðið í þrjár heimsóknir í Hlíðaskóla.

Í lok skólaársins fóru fram skólaskil. Kennarar elstu barna, og sérkennslustjóri eftir atvikum, veittu upplýsingar um þau eftir því sem þurfti og skiluðu inn skriflegum upplýsingum um öll börnin. Foreldrar höfðu áður lesið yfir skrifin og gefið skriflegt leyfi. Kennarar úr Hlíðaskóla komu ekki í heimsókn í Sólborg.

Samstarf 2020-2021:

Ráðgert er að halda sama samstarfi við Hlíðaskóla. Það hefst að ráði eftir áramót og fara þá tilvonandi nemendur í þrjár til fjórar heimsóknir. Að heimsóknum loknum fara fram skólaskil og verður ábyrgðin þar í höndum deildarstjóra og sérkennslustjóra, sem fá aðstoð sinna leikskóla- og sérkennara.

Elstu börn næsta skólaárs, börn fædd árið 2015, verða staðsett á Reynistofu, eins og hefur skapast hefð fyrir í Sólborg. Deildarstjóri Reynistofu verður þeirra tengiliður við Hlíðaskóla, ásamt aðstoðarleikskólastjóra. Af hálfu Hlíðaskóla verða tengiliðirnir kennarar 1. bekkjar, stjórnendateymi skrifstofu og forstöðuaðili frístundarinnar.



6 Foreldrasamvinna

Gott samstarf kennara og foreldra er lykilinn að góðu uppeldi og góðri leikskólamenntun barna. Við í Sólborg leggjum upp með uppbyggjandi foreldrasamvinnu og teljum okkur sinna því vel, sem birtist meðal annars í foreldrakönnum sem framkvæmd er reglulega.

Foreldrafélag

Tilgangur félagsins er að vera samstarfsvettvangur foreldra leikskólabarna. Foreldrafélagið er starfandi við leikskólann og er dagskráin nokkuð hefðbundin og félagið styður við starf leikskólans. Jólaföndur var í desember. Sveitarferð var aflýst vegna samkomutakmarkanna ásamt árlegri vorhátíð.

Foreldrafélagið hélt aðalfund í leikskólanum haustið 2019 og var slök mæting. Einungis þeir þrír sem sátu í stjórn mættu af hálfu foreldra og voru þeir sjálfkrafa endurkjörnir. Foreldrafélagið á hrós skilið fyrir að stuðla að góðum anda með því að hlúa að reglulegu félagslífi í leikskólanum.

- **Tækifæri til umbóta:** Stjórnendateymi og annað starfsfólk Sólborg ætti að ýta við foreldrum á að sinna störfum fyrir foreldrafélagið. Aðalfundur félagsins er kjörinn vettvangur fyrir foreldra til þess að styðja enn frekar við faglegt starf leikskólans.

Foreldraráð

Í foreldraráði Sólborgar eru þrír fulltrúar. Þau voru valin eftir tilnefningu stjórnendateymis vorið 2020. Foreldraráðinu er ætlað að koma á framfæri sjónarmiðum og hugmyndum foreldra varðandi leikskólastarfið til skólastjórnenda og veita umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð Sólborgar er samsett af foreldrum barna af þremur deildum af fimm og í ráðinu eru feður og mæður.

- **Tækifæri til umbóta:** Kosning og/eða tilnefningar til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju, að undirlagi aðstoðarleikskólastjóra, og skal kosið/tilnefnt til eins árs í senn. Foreldraráð verður hvatt til þess að veita umsagnir og taka þátt í endurskoðun SMT reglna.

Foreldraviðtöl og -kynningar

Haldin eru tvö foreldraviðtöl á ári. Haustviðtalið var í september og fá foreldrar sent eyðublað um væntingar og markmið. Seinna viðtalið er að vori, og þá eru veitar upplýsingar frá leikskólakennurum. Kynningarfundir eru haldnir fyrir foreldra á haustin á hverri deild, með öllum foreldrum. Einstaklingsnámskrárviðtöl vegna barna með sérþarfir eru haldin eftir þörfum en að meðaltali eru þau tvö á önn.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skólaárið 2019-2020 voru skipulagsdagar fyrst um sinn eftir skipulagi, en þegar leið á vorið komu á óskipulagður skipulagsdagur og skipulögðum skipulagsdögum var aflýst. Leikskólinn Sólborg ætlaði í námsferð til bresku borgarinnar Brighton. Tuttugu kennarar höfðu greitt fyrir ferðina og fengið styrki frá sínum stéttarfélögum þegar ferðinni var frestað um hugsanlega eitt ár. Það þýddi að tveir skipulagsdagar sem áttu að vera nýttir í ferðinni féllu niður og voru færðir yfir á næsta skólaár.

Eftirfarandi dagskrá var á skipulagsdögum skólaársins 2019-2020:

16. september – Sérkennslustjórar kynntu helstu áherslur barna með sérþarfir, nýtt starfsfólk var kynnt, SMT teymið kynnti sína kennsluáætlun og innleiðingu reglna. Ákveðið var að skipta útisvæðinu upp og hver deild yrði með sitt svæði. Eftir hádegi voru deildarfundir.

06. nóvember – Skipulagsdagurinn hófst með hópavinnu um starfsmannahandbókina. Allir hópar vildu halda áfram og annar fundur ákveðinn, 28. nóv, eftir vinnu. Síðan fór fram starfsmannafundur þar sem mikil umræða fór fram um hversu óheft aðgengi að leikskólum væri. Eftir hádegi var menntastefna Reykjavíkurborgar kynnt og hvernig við ætlum að vinna með læsi í Sólborg. Í lokin var haldin brunavarnaræfing og kennt á það helsta í brunaviðvörunarkerfinu.

17. febrúar – Tveir þriðju starfsmanna fengu skyndihjálparnámskeið á skipulagsdegi í febrúar. Herdís Storgaard frá Slysavarnarhúsinu hélt upprifjunarnámskeið í þrjá tíma. Einn þriðju starfsmanna voru í verkfalli og misstu af fræðslunni. Eftir hádegi fór starfsfólk og sótti baráttufund Eflingar fyrir bættum kjörum á skipulagsdegi í febrúar undir slagorðinu *Við erum öll Efling*.

16. mars – Óvæntur skipulagsdagur, haldin í öllum leik- og grunnskólum landsins eftir að samkomubann var sett á. Kl. 8:00 til 10:00 hittust deildarstjórar og ræddu sín á milli áætlanir leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra um hvernig skólalald yrði. Kl. 10:00 – 12:00 ræddi leikskólastjórinn við starfsfólk um hvaða ákvarðanir hefðu verið teknar á deildarstjórafundum fyrr um morguninn. Sýndur var glærupakki sem barst leikskólanum og sýndi hverju mætti eiga von á næstu fjórum vikurnar. Eftir hádegi fór hver deild inn á sína stofu og tók ákvörðun um hvaða efniviður yrði í boði fyrir börnin til þess að stunda leikskólanám sitt næstu mánuðina. Þá var einnig allsherjar sóthreinsun sett af stað.

8. júní – Eftir starfsmannafund að morgni, fór hver deild inn á sína stofu og lauk við gerð starfsáætlunar. Áætlunin hafði verið forunnin af stjórnendateymi og deildarstjórum, en lokasamþykktin var í höndum hvernar deildar fyrir sig og útfærsla á áætluninni rædd. Eftir hádegi fengum við fyrirlestur frá Vinnuvernd um rétta líkamsbeitingu. Deginum lauk í góða veðrinu með skemmtilegu atriði skemmtinefndar.

Eftirfarandi er áætlun Sólborgar um skipulagsdaga næsta skólaárs 2020-2021:

Fimmtudaginn 6. ágúst – ½ dagur, fyrir hádegi

Mánudaginn 31. ágúst 2020

Miðvikudaginn 11. nóvember 2020 – *Sameiginlegur í hverfinu*

Mánudaginn 4. janúar 2021 – *Sameiginlegur í hverfinu*

Þriðjudaginn 16. mars 2021

Miðvikudaginn 21. apríl og föstudaginn 23. apríl 2021 – Námsferð

Mánudaginn 10. maí 2021 – *Sameiginlegur í Reykjavík*

Þriðjudaginn 6. júlí – ½ dagur, eftir hádegi



8 Fylgigögn – Umsögn foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Starfsáætlun telst ekki samþykkt í skóla- og frístundaráði án umsagnar foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa, skólaárið 2019 - 2020:

Auður Björk Kvaran, foreldri á Reynistofu

Guðrún Tómasdóttir, foreldri á Víðistofu

Þórir Auðólfsson, foreldri á Reyni- og Birkistofu

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlunin fyrir skólaárið 2020-2021 er áhugaverð og spennandi. Vissulega verið erfitt vor með Covid og verkfalli og við erum því miður ekki laus við Covid. Starfið virðist vera í föstum skorðum og þær mannabreytingar sem hafa orðið gengið vel. Mönnun hlýtur að vera erfið með þau kjör sem eru í boði en virðast hafa ganga betur en á mörgum öðrum leikskólum. Við höfum verið mjög ánægð með skólann og fagmennskuna þar og starfsfólk er duglegt að sækja námskeið. Markmiðum á þessu ári er stillt í hóf til að auka líkurnar á að þau náist. Foreldraráð leggur til að fjallað verði um starfsemi eldhúss í starfsáætlun og hvernig gangi að uppfylla matarmarkmið með tilliti til lýðheilsu.

F. h. foreldraráðs:

Dagsetning